

Landbúnaðarnefnd Alþingis.

Frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum, 350. mál.

Ég undirritaður leyfir sér hér með að senda athugasemdir/umsögn um frumvarp um breytingu á 16. grein búnaðarlaga. Ég á sæti í erfðanefnd búfjár samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar en erfðanefnd búfjár hefur ekki verið boðuð til fundar vegna umsagnarinnar. Veiðimálastofnun hefur ekki beðin um að gera athugasemdir líkt og er um aðrar stofnanir sem málið varða.

Athugasemdir/Umsögn

Breytingar sem lagðar eru til á 16. gr. laga nr. 70/1998 eru útvíkkun á því ákvæði sem fyrir er í lögum ekki síst til að gera Íslendinga betur í stakk búna til að taka þátt í og takast á við vinnu og skuldbindingar á alþjóðavettvangi. Gert er ráð fyrir að erfðanefnd búfjár verði erfðanefnd landbúnaðarins og fulltrúum í nefndinni verði fjölgað úr 5 í 7. Bætt verði við fulltrúa skógræktar ríkisins og umhverfisráðuneytis en út falli tilnefning Náttúrufræðistofnunar. Landbúnaðarráðherra skipi formann án tilnefningar. Búvísindadeild bændaskólans á Hvanneyri verði Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í takt við þá þróun sem þar hefur orðið.

Á síðari árum hefur mikilvægi erfðalinda og líffræðilegur fjölbreytileiki orðið mönnum æ ljósari. Í mörgum tilfellum hefur komið í ljós að mikilvægi verður ekki alltaf metið á raunhæfan hátt þegar horft er til skamms tíma. Óbætanlegur skaði getur hlotist vegna innflutnings tegunda, stofna eða kynja ef ekki er tekið tillit til þess sem fyrir er og getur orðið fyrir áhrifum. Eins geta t.d. tiskusveiflur í ræktun valdið því að eiginleikar verði sjaldgæfir eða tapast og má benda á líti hrossa í því sambandi, sem dæmi.

Þær tillögur til breytinga sem hér eru lagðar til geta orðið til að skerpa enn á áherslum íslenskra stjórnvalda varðandi verndun líffræðilegs fjölbreytileika og þeirra erfðalinda sem til staðar eru og nýttar í landbúnaði. Þá er tekið tillit til alþjóðalegra skuldbindinga og aðkoma Íslendinga að alþjóðlegu samstarfi. Einnig að enn frekar sé tekið tillit til þeirra erfðafræðilegu auðlinda sem fyrir eru og finnast í íslenskri náttúru. Má í því sambandi undirstrika verndargildi íslenskra laxastofna ekki síst á tímum notkunar og dreifing á innfluttum norskum laxastofnum sem hafa verið kynbættir. Íslenskir laxastofnar hafa ótvírætt verndar- og nýtingargildi og gilda sömu röksemdir fyrir aðra fiskstofna í fersku vatni.

Varðandi frumvarpið mætti skilgreina betur hvað tilheyrir landbúnaði og hvað hinn villtu náttúru sé þess þörf en hætta getur verið á mistúlkunum og eða ruglingi þar á milli.

Breytingar þessar ættu að undirstrika vilja stjórnvalda í þessum málum sem er vel en jafnframt má minna á að til að ekki sitji við orðin tóm þarf að veita fjármunum til rannsókna, fræðslu og verndunar.

Guðni Guðbergsson
fiskifræðingur,
tilnefndur fulltrúi Veiðimálastofnunar í erfðanefnd búfjár frá árinu 1998.